

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/71/EB

frá 15. desember 1997

um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/41/EB⁽²⁾, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/41/EB, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/41/EB, einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með tilskipunum 93/57/EBE⁽⁵⁾, 94/29/EB⁽⁶⁾, 95/39/EB⁽⁷⁾ og 96/33/EB⁽⁸⁾ voru gerðar breytingar á II. viðauka við tilskipanir 86/362/EBE og 86/363/EBE til þess að ákvarða leyfilegt hámarksmagn leifa fyrir skrár yfir varnarefni. Þó voru skildar eftir eyður þar sem fyrirleggjandi gögn nægðu ekki til þess að ákvarða leyfilegt hámarksmagn og var hagsmunaaðilum gefinn kostur á að afla þeirra gagna, sem á vantaði, innan tiltekinna tímamarka. Hafi leyfilegt hámarksmagn ekki verið samþykkt innan þeirra tímamarka, sem tilgreind eru í neðanmálsgreinum við skrárnar sem var bætt við II. viðauka tilskipana 86/362/EBE og 86/363/EBE með tilskipunum 93/57/EBE, 94/29/EB, 95/39/EB og 96/33/EB, munu viðeigandi lægri mörk greiningarákvörðunar gilda.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 221, 7. 8. 1986, bls. 37.

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 184, 12. 7. 1997, bls. 33.

⁽³⁾ Stjútíð. EB L 221, 7. 8. 1986, bls. 43.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB L 350, 14. 12. 1990, bls. 71.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB L 211, 23. 8. 1993, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB L 189, 23. 7. 1994, bls. 67.

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB L 197, 22. 8. 1995, bls. 29.

⁽⁸⁾ Stjútíð. EB L 144, 18. 6. 1996, bls. 35.

Með tilskipunum 93/58/EBE⁽⁹⁾, 94/30/EB⁽¹⁰⁾, 95/38/EB⁽¹¹⁾ og 96/32/EB⁽¹²⁾ voru gerðar breytingar á II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE til þess að ákvarða leyfilegt hámarksmagn leifa fyrir skrár yfir varnarefni. Þó voru skildar eftir eyður þar sem fyrirleggjandi gögn nægðu ekki til þess að ákvarða leyfilegt hámarksmagn og var hagsmunaaðilum gefinn kostur á að afla þeirra gagna, sem á vantaði, innan tiltekinna tímamarka. Hafi leyfilegt hámarksmagn ekki verið samþykkt innan þeirra tímamarka, sem tilgreind eru í neðanmálsgreinum við skrárnar sem bætt var við II. viðauka tilskipunar 90/642/EBE með tilskipunum 93/58/EBE, 94/30/EB, 95/38/EB og 96/32/EB, munu viðeigandi lægri mörk greiningarákvörðunar gilda.

Aðildarríkin geta ákveðið leyfilegt hámarksmagn leifa hjá sér hafi það ekki verið gert með tilskipunum 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE. Aðildarríkin ættu að miða þessi innlendu hámarksgildi við innlend leyfi fyrir plöntuvarnarefni sem innihalda viðkomandi virkt efni og leggja til grundvallar nægjanleg gögn til þess að tryggja að neytendur fái ekki í sig óviðunandi magn varnarefnaleifa.

Leiði leyfilegt hámarksmagn leifa, sem aðildarríki ákveður hjá sér, til banns á því að vörur, sem eiga uppruna sinn í öðrum aðildarríkjum, séu settar í umferð ber að viðhafa sáttameðferð eins og mælt er fyrir um í 5. gr. a í tilskipunum 86/362/EBE og 86/363/EBE og í 5. gr. b í tilskipun 90/642/EBE en samkvæmt þeim gilda undantekningarákvæði, þar með talið að ákveða til bráðabirgða leyfilegt hámarksmagn leifa þar sem við verður komið.

Pegar um er að ræða kornvörur og afurðir úr jurtaríkinu svarar leyfilegt hámarksmagn leifa til notkunar á minnsta magni varnarefna sem nægir til að verja plöntur, þannig að leifarnar verði eins litlar og mögulegt er og viðunandi frá eiturefnafræðilegu sjónarmiði, einkum að því er varðar það

⁽⁹⁾ Stjútíð. EB L 211, 23. 8. 1993, bls. 6.

⁽¹⁰⁾ Stjútíð. EB L 189, 23. 7. 1994, bls. 70.

⁽¹¹⁾ Stjútíð. EB L 197, 22. 8. 1995, bls. 14.

⁽¹²⁾ Stjútíð. EB L 144, 18. 6. 1996, bls. 12.

magn sem áætlað er að berist með fæðu. Þegar um er að ræða matvörur úr dýraríkinu svarar leyfilegt hámarks magn leifa til neyslu dýra á kornvörum og afurðum úr jurtaríkinu, meðhöndluðum með varnarefnum, sem leiðir af sér leifar bæði í dýrum og dýraafurðum, og er þá einnig tekið tillit til beinna áhrifa af notkun dýralýfja þegar það á við.

Hagsmunaaðilar skuldbundu sig til að afla þeirra gagna sem á vantaði um varnarefnin sem talin eru upp í tilskipunum 93/57/EBE og 93/58/EBE. Framkvæmdastjórnin og yfirvöld aðildarríkjanna hafa nú til athugunar gögn, sem hafa verið lögð fram, með það fyrir augum að undirbúa nauðsynleg drög að breytingum á tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar. Framlengja þarf frestinn til að fylla upp í eyðurnar í tilskipunum 93/57/EBE og 93/58/EBE til 31. október 1998 svo að ráðrúm gefist til að ljúka nauðsynlegri vinnu og samráði.

Öll virk efni í plöntuvarnarefnum, sem voru þegar komin á markað tveimur árum eftir að tilkynnt var um tilskipun 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽¹⁾, þarf að athuga innan ramma þess endurmats á skráðum virkum efnum sem kveðið er á um í vinnuáætlun sem frá er sagt í 2. mgr. 8. gr. framangreindrar tilskipunar. Enn er ekki lokið fyrsta áfanga athugunar á virku efnunum og plöntuvarnarefnum sem unnin eru úr þeim. Búið er við því að þessar athuganir og ákvarðanir, sem taka þarf í framhaldi af þeim, hafi mikil áhrif á það hvað telst viðurkennd notkun og þar með einnig á leyfilegt hámarks magn leifa sem verður ákvarðað fyrir þessi varnarefni. Þess vegna þarf að framlengja til 1. júlí árið 2000 þau tímamörk sem tilgreind eru í tilskipunum 94/29/EB, 94/30/EB, 96/32/EB og 96/33/EB þegar viðeigandi neðri mörk greiningarákvörðunar skulu taka gildi þar sem eyður eru í skráum yfir varnarefni, eins og ráðið hefur kveðið á um í tilskipunum 95/38/EB og 95/39/EB, svo að unnt sé að taka tillit til niðurstaðna fyrirbyggjandi endurmats á leyfum fyrir þau varnarefni sem um ræðir. Þegar niðurstöður endurmatsins liggja fyrir skal framkvæmdastjórnin breyta því leyfilega hámarks magni sem hefur verið ákvarðað fyrir þessi varnarefni og enn fremur ákvarða eða breyta því leyfilega hámarks magni sem hefur verið ákvarðað fyrir tiltekin varnarefni fyrir 1. júlí árið 2000, enda liggi nauðsynlegar og fullnægjandi upplýsingar og rannsóknarniðurstöður fyrir sem jafnframt hafa verið metnar. Eigi síðar en 31. mars 1998 skal setja fram vinnuáætlun, sem send verður hagsmunaaðilum, þar sem fram kemur frestur sá sem hagsmunaaðilar hafa til þess að leggja framangreindar upplýsingar og rannsóknarniðurstöður fyrir framkvæmdastjórnina og aðildarríkin.

Tilskipun þessi er í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 230, 19. 8. 1991, bls. 1.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 86/362/EBE er breytt sem hér segir:

1. í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1998“ í neðanmálsgreinum a, b og c við skrána yfir varnarefnaleifar, sem fram kemur í tilskipun 93/57/EBE, komi „31. október 1998“;
2. í stað dagsetningarinnar „30. júní 1999“ í neðanmálsgreinum a, b og c við skrána yfir varnarefnaleifar, sem fram kemur í tilskipun 94/29/EB, komi „eigi síðar en 1. júlí 2000“;
3. í stað dagsetningarinnar „30. apríl 2000“ í neðanmálsgreinum a og b við skrána yfir varnarefnaleifar, sem fram kemur í tilskipun 96/33/EB, komi „eigi síðar en 1. júlí 2000“.

2. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 86/363/EBE er breytt sem hér segir:

1. í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1998“ í neðanmálsgrein a við skrána yfir varnarefnaleifar, sem fram kemur í tilskipun 93/57/EBE, komi „31. október 1998“;
2. í stað dagsetningarinnar „30. júní 1999“ í neðanmálsgrein a við skrána yfir varnarefnaleifar, sem fram kemur í tilskipun 94/29/EB, komi „eigi síðar en 1. júlí 2000“;
3. í stað dagsetningarinnar „30. apríl 2000“ í neðanmálsgreinum a og b við skrána yfir varnarefnaleifar, sem fram kemur í tilskipun 96/33/EB, komi „eigi síðar en 1. júlí 2000“.

3. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE er breytt sem hér segir:

1. í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1998“ í neðanmálsgreinum a, b, c og d við skrána yfir varnarefnaleifar, sem fram kemur í tilskipun 93/58/EBE, komi „31. október 1998“;
2. í stað dagsetningarinnar „30. júní 1999“ í neðanmálsgreinum a, b og c við skrána yfir varnarefnaleifar, sem fram kemur í tilskipun 94/30/EB, komi „eigi síðar en 1. júlí 2000“;

3. í stað dagsetningarinnar „30. apríl 2000“ í neðanmáls-
greinum a, b, c og d við skrána yfir varnarefnaleifar,
sem fram kemur í tilskipun 96/32/EB, komi „eigi síðar
en 1. júlí 2000“.

4. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-
sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en
31. desember 1997.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER
framkvæmdastjóri.